

Skipulagsfulltrúi Múlaþings  
Lyngási 12,  
700 Egilsstaðir

Garðabær, 23. júní 2023  
Málsnúmer: 202305-0059  
SS/IAS

## Efni: Umsögn um deiliskipulag smávirksunar við Gestreiðarstaðaháls

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsgátt fyrir hönd skipulagsfulltrúa Múlaþings, dags. 18. Júní 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagstillögu vegna smávirksunar við Gestreiðarstaðaháls.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu deiliskipulagsins þann 3. febrúar 2023 og eiga flestar ábendingar þar enn á við og eru endurteknar hér.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagið og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Þrátt fyrir að virksunin sjálf sé ekki stór með tilliti til orkuframleiðslu verður töluvert rask af áætlaðri framkvæmd þar sem koma þarf fyrir fallpípu, jarðstreng og ljósleiðara auk þess sem gert er ráð fyrir 1200 m jarðstreng til að mögulegt verði að nýta verulega umframorku við áningarstað við Þjóðveg 1. Allar munu þessar lagnir liggja um að mestu ósnortin svæði. Af þessu verður rask á gróðri, ekki síst á grónum, rökum eyrum (Kollseyrum) sunnan Langadalsár sem og í hlíðum Axlarkolls þar sem ummerki geta orðið mjög áberandi í landslagi. Þá mun inntakslón myndast í mynni gils í Langadalsá en ekki kemur fram í deiliskipulaginu hversu stórt lónið verður.

Ekki hefur verið lagt mat á umfang rasks á gróðurlendi og jarðminjum vegna framkvæmdarinnar í heild eða á hver möguleg áhrif virksunarinnar verða á lífríki Langadalsár. Í skilmálum deiliskipulagsins er fjallað um að við framkvæmd og hönnun beri að láta framkvæmdir falla vel að landslagi og að nýta efni til uppbyggingar af svæðinu sem mest. Einnig að fylgja varkárni til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdar á náttúru og dýralíf. Stefnt er að því að framkvæmdatími sé utan varptíma fugla sem er gott. Mikilvægt er að þessum skilmálum sé fylgt vandlega.

Náttúrufræðistofnun telur engu að síður mikilvægt að nefna að ef grunnforsenda fyrir framkvæmdinni sé orkuöryggi fyrir fjarskiptamastríð hefði átt að skoða aðrar leiðir við orkuöflun sem ekki fela í sér jafn mikið rask. Orkuþörf fyrir mastríð er metin um 5 kW en virksunin mun framleiða tífalt meiri orku (50-60 kW). Möguleg 1200 m strenglagn að áningarstað við gatnamót Þjóðveggar 1 og Vopnafjarðarveggar tengist ekki þessari framkvæmd en er sýnd í deiliskipulaginu ef Vegagerðin eða einhverjir þjónustuaðilar telja sér hag í að nýta umframorkuna. Þessi viðbótarlagn raskar m.a. gróðurfari Kollseyra. Kanna hefði mátt möguleika á lítilli vindorkustöð eða sólarrafhlöðu við fjarskiptamastríð til að tryggja orkuöryggi þess og geta þar með sleppt áformum um smávirksunina í Langadalsá og því raski sem framkvæmd hennar mun fylgja.



Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

